

Ed.

568. Frumvarp til laga

[171. mál]

um Stofnfjár sjóð fiskiskipa.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 420 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Fiskifélag Íslands skal senda Fiskveiðasjóði ársfjórðungslega skýrslu um afla og aflaverðmæti allra fiskiskipa, að undanskildum togurum. Í skýrslunni skal greina heildarverðmæti afla hvers skips, að frádregnu verðmæti sildar- og rækjuafila, svo og þess afla, sem landað er erlendis úr veiðiskipi. Þá skal í skýrslunni greina, hve mikill hundraðshluti aflaverðmætis hvers skips, þannig reiknaður, er af heildarverðmæti afla allra skipanna, reiknað á sama hátt.

12. gr. hljóðar svo:

Innstæða hjá Stofnfjár sjóði og réttur til fjár úr honum fylgir skipi við frjálssa sölu og sölu á nauðungaruppboði.

Ef skip ferst eða verður dæmt ónýtt, skal innstæða hjá Stofnfjár sjóði falla til skipseiganda.